

Fundargerð

Samráðsfundur með Skógræktinni vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Teigarhorn

haldinn í gegnum Teams þann 17. mars 2022, kl. 11:00-11:30

Fundarmenn:

Lára Björnsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Kristján Ingimarsson, fulltrúi Múlapings
María Daníelsdóttir, fulltrúi Skógræktarinnar

Markmið fundar

Fá upplýsingar hjá Skógræktinni varðandi stefnu með svæðið og næstu skref eins að gefa Skógræktinni möguleika á að koma með ábendingar varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Umræður

Svæðið sem um ræðir er innan fólkvangsins, náttúruvættið er ekki með skógrækt. Skógræktin er með takmarkaðar upplýsingar um skógræktina á þessu svæði en það liggja fyrir tveir samningar þar sem um er að ræða tvö skógræktarsvæði, annar frá 2002 og hinn frá 2006. Enginn frá Skógræktinni hefur farið á svæðið í eftirlit síðan 2014. Skógræktin telur að það sé kominn tími á grisjun og umhirðu á hluta svæðisins en fulltrúi Skógræktarinnar þyrfti að fara á svæðið til að sjá hver staðan er. Samkvæmt fulltrúa frá sveitarfélaginu þá eru um 20 ár síðan gróðursett var í þessi tvö svæði og því kominn tími til að fara að huga að því. Þegar samningar voru gerðir þá var þetta skilgreint sem nytjaskógur en ekki útivistarskógur. Samkvæmt fulltrúa frá Skógræktinni þá skiptir ekki máli hvort þetta sé skráður sem nytjaskógur eða ekki, Skógræktin setur ekki takmarkanir eftir því hvernig svæði eru skráð.

Fjallað var um óskir og væntingar sveitarfélagsins fyrir svæði. Sveitarfélagið sér fyrir sér að þetta verði útivistarsvæði með stígum og jafnvel brú milli tveggja þessara tveggja skógræktarsvæða. Sveitarfélagið myndi bera kostnað við stígagerð en Skógræktin ber kostnað af grisjun. Fram kom hjá fulltrúa Skógræktarinnar að ekki sé þörf á sérstöku leyfi ef sveitarfélagið hyggst fara út í göngustígagerð innan skógræktarinnar. Til þess að fara út í grisjun er fyrsta skrefið að Skógræktin kemur og metur svæðið. Sækja þarf um fjármagn til grisjunar til Skógræktarinnar (frestur út desember). Ef umsókn er samþykkt þá fjármagnar Skógræktin upp að 97% af kostnaði við grisjun. Sveitarfélagið myndi samt sem áður halda utan um að ráða verktaka í grisjunina eftir að umsókn hefur verið samþykkt. Fulltrúi sveitarfélagsins bað Skógræktina um að meta hvenær væri möguleiki að fá þá á svæðið til að meta grisjunina og taldi Skógræktin að það gæti verið möguleiki næstkomandi sumar (2022). Rætt var um hvort Skógræktin vinni eitthvað ákveðið plan vegna grisjunar en það er ekki vaninn, þegar það er metið að það sé þörf þá er tekin mæling/úttekt.

Næstu skref:

Sett verður í aðgerðaáætlun fyrir Teigarhorn að sótt verði um styrkur vegna grisjunar í desember.